

Ed.

231. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsg. svo hljóðandi:

Nú breytist verulega almennt verðlag á fæði frá því, se mþað var við gildistöku laganna, og er þá fjármálaráðherra heimilt að ákveða hærra undanþáguhámark en kr. 1.25 fyrir hverja fullkomna máltíð. Noti ráðuneytið heimild þessa, skal það ákveða undanþáguhámarkið, eftir því sem ætla má, að hið almenna verðlag á fæði sé hærra en það var við gildistöku laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Eftir 2. gr. laganna um veitingaskatt er undanþegið skattinum fæði, ef hver fullkomin máltíð er eigi seld með hærra verði en kr. 1.25. Í greinargerðinni fyrir frumvarpinu að lögnum um veitingaskatt segir, sbr. þskj. 139/1933, „að með tilliti til þess, að veitingaskattur er í eðli sínu skattur á eyðslu manna, þótti rétt að undanþiggja ódýra fæðissölu“, og er því fyrrgreint ákvæði um kr. 1.25 sem undanþáguhámark sett með þetta fyrir augum. Lögín um veitingaskatt eru frá 1933, en síðan ófriðurinn hófst, hefur allt verð á fæði og öðrum vörum stórlega hækkað, eins og kunnugt er, og ef nú ætti, eins og tilgangurinn var við setningu laganna, að undanþiggja ódýra fæðissölu, þá yrði undanþáguhámarkið að vera miklu hærra en kr. 1.25. Vegna þess, að það var hinn upphaflegi tilgangur laganna að undanþiggja veitingaskatti hinar ódýru máltíðir, og það þykir sanngjarnt, er með frumvarpi þessu lagt til, að fjármálaráðherra verði heimilað að ákveða hærra undanþáguhámark en kr. 1.25, sem nú er ákveðið í lögnum.